



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Álftaborg

2025 – 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Ytra og innra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
2.1 Innra mat	6
2.2 Stjórnun – innleiðing snerpusamtala heldur áfram	6
2.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu	7
2.3.1 Niðurstöður úr umræðum foreldra:	7
2.4 Foreldrakönnun innan leikskólans	8
2.5 Starfsmannakönnun	8
2.6 Rýnihópa samtöl við börnin	9
3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026	11
4 Innra mat deilda	12
4.1 Seljaland	12
4.1.1 Umsögn um starf síðasta skólaárs	12
4.1.2 Umbótaáætlun 2025-2026	14
4.2 Hlíðarhvammur 2023-2024	16
4.2.1 Umsögn um starf síðasta skólaárs	16
4.2.2 Umbótaáætlun 2025-2026	19
4.3 Merkisteinn	21
4.3.1 Umsögn um starf síðasta skólaárs	21
4.3.2 Umbótaáætlun 2025-2026	23
4.4 Lækjarhvammur	23
4.4.1 Umsögn um starf síðasta skólaárs	23
4.4.2 Umbótaáætlun 2025-2026	24
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	26
6 Innra mat – fjöltyngi	27



7	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.	27
7.1	Námskeið og fyrirlestrar veturinn 2024-2025.....	29
8	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.	30
9	Foreldrasamvinna.....	31
10	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	31
11	Fylgiskjöl.	33
11.1	Skóladagatal.....	33
11.2	Starfsmannakönnun.....	33
11.3	Foreldrakönnun.....	33



Leiðarljós leikskólans:

„Að börnin njóti bernsku sinnar þar sem hugað er að vellíðan þeirra og öryggi“.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2024 –2025 hófst eins og best verður á kosið, með fullskipuðu liði. Aðlögun byrjaði eftir að elstu börnin höfðu kvatt okkur seint í ágúst mánuði og hófu næsta stig skólagöngu sinnar í grunnskóla. Aðlögunin gekk vel og var henni lokið um miðjan september.

Í byrjun hausts þurftu tveir starfsmenn frá að hverfa vegna veikinda. Vel gekk að ráða í þeirra starf. Í Álfaborg er stöðugur og frábær hópur leikskólakennara og starfsmanna sem býr yfir miklum mannauði, innri áhuga, fagmennsku og helgun í starfinu sem litað er með gleði og umhyggju. Vel hefur gengið í sérkennslu og valinn maður í hverju rúmi. Þau vinna öll saman og undir stjórn sérkennslustjóra.

Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn sinna starfi sínu af mikilli alúð, fagmennsku, umhyggju og innri hvata. Við höfum unnið undanfarin ár að því að gera góðan skóla betri m.a. með því að efla starfsmannahópinn, fagmennsku, sjálfbærni, læsi og enn betri tengingu við foreldra.

Traust er mikilvægur þáttur í samskiptum og höfum við eflt það enn frekar í starfsmannahópnum sem og við foreldra. Það hefur sannarlega skilað árangri. Ein stærsta viðurkenning þess efnis var að lenda í fjórða sæti í flokki miðlungstærðar vinnustaða í „Fyrirmyndar stofnun ársins“ sem unnið var af Sameyki fyrir ríki, bæ og borg. Það fyllti mitt hjarta stolti og auðmýkt, það eru forréttindi að vinna með svona starfsmannahópi. Við fengum einnig viðurkenningu og kláruðum „Grænu skrefin fjögur“ í október 2024.

Helstu áherslur skólans eru lífsleikni, vinaverkefni Barnaheilla, sjálfbærni, fjölmennung, læsi, Lubbi finnur málbein, sköpun og verkefnið „Hver er lykillinn að hamingju barna“. Við höfum verið að vinna með það í tvö ár og eru foreldrar og börn virkir þátttakendur í verkefinu. Við höfðum foreldra hitting einu sinni núna á þessu skólaári þar sem farið var meðal annars í mat á hamingjuverkefninu.

Veitt voru hvatningaverðlaun Skóla- og frístundasviðs í febrúar 2025 og varð verkefnið okkar „Hver er lykillinn að hamingju barna“ eitt af þeim þremur sem fengu viðurkenningu.

Allar áherslur okkar í námi barnanna miðast út frá hverjum aldri fyrir sig sem þróast áfram. Á hverju aldurskeiði bætist við þekking og gaman er að fylgjast með skrefunum sem verða á framföllum barnanna.

Elstu börnin tóku þátt í Barnamenningarhátíð í Hörpu eins og undanfarin ár. Það er ólýsanlegt stolt og gleði sem snertir hjarta manns á þeim tímapunkti.



Vettvangsferðir eru órjúfanlegur þáttur í leikskólalífinu í Álftaborg með allri þeirri fjölbreyttu menntun sem fer þar fram, má þar nefna umferðarfræðslu sem þau fá í hverri ferð, það er nauðsynlegt að fara reglulega yfir þær. Þeim er svo fylgt eftir að vori með Umferðarskólanum. Sjálfsprottinn leikur spilar stórt hlutverk í okkar starfi og fær að þróast á forsendum barnanna þar sem kennarar eru einnig þátttakendur á forsendum barnanna. Áhugi á sköpun hefur aukist svo um munar og afraksturinn núna í vor vakti mikla eftirtekt þar sem unnið var með verðlaust efni og heilu hverfin tóku á sig nýjan svip sem og sögur. Vináttan er stór þáttur í okkar samfélagi sem birtist m.a. í virðingu, samkennd, umhyggju og gleði. Börnin hafa verið að ræða um lýðræði, haldið fundi þar sem líðandi stund er rædd á þeirra forsendum og þau taka einnig þátt í mati á starfi skólans. Við leggjum mikla áherslu á góð foreldrasamskipti og viljum að talað sé við okkur en ekki um okkur. Ég tel okkur hafa uppskorið eins og við sáðum. Við finnum það á þeirri viðurkenningu og hrósi sem við höfum fengið frá foreldrum, hvatningarverðlaunin, Stofnun ársins og þeim framförum sem börnin hafa tekið í leik og námi.

Ný og endurbætt skólanámskrá leikskólans er í lokavinnslu og mun líta dagsins ljós í haust.

Samstarf foreldrafélags og foreldraráðs er okkur mikilvægt og hefur verið til mikils sóma. Ég vil þakka þeim fyrir góð samskipti og þá góðu vinnu sem þau hafa lagt í okkar starf.

2 Ytra og innra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Ytra mat leikskólans að þessu sinni voru tvö, foreldrakönnun og könnun Sameykis sem sá um að kanna ákveðna þætti í stofnunum hjá ríki, bæ og borg.

Í foreldrakönnuninni voru eftirfarandi þættir skoðaðir: Líðan barns og öryggi, upplifun af leikskólastarfinu, foreldrasamstarf, samskipti og viðmót, upplýsingagjöf, stjórnun og starfsandi og síðasti þátturinn var stefna og heildaránægja. Breytingar voru á þessari könnun og þeirri síðustu, valmöguleikarnir á svörum voru breytt og spurningar ekki beinar. Foreldrakönnunin kom vel út, voru flestir þættir og undirþættir töluvert hærri en í könnun árið 2023 og einnig langt yfir meðaltali í Reykjavík. Foreldrar höfðu tækifæri til að koma með „opin svör - viltu koma einhverju öðru á framfæri“. Ég læt fylgja hér nokkrar setningar beint, sem komu fram hjá foreldrum.

„Ég er gríðarlega ánægð með starfið sem er í Álftaborg. Það eru margir menntaðir kennarar og barnið mitt fær því mjög góða kennslu. Skemmtidagar fyrir krakkana eru á öðru plani og mæta krakkarnir í alkreyttan skólann sem þau hafa búið til sjálf og kennarar svo hengt upp. Andrúmsloftið er ótrúlega gott og er alltaf tekið vel á móti krökkunum þegar þau mæta. Álftaborg fær 10 af 10 í einkunn hjá okkar fjölskyldu.“ „Góður stuðningur við börnin og starfsfólk á hrós skilið.“ „Álftaborg er fyrirmyndar leikskóli í alla staði“. Stjórnendur og starfsfólk er allt úrvalsfólk sem gerir allt sem það getur til að vinna faglegt og uppbyggjandi starf með börnunum. Hugmyndaauði þeirra er óþrjótandi. Mikil glaðværd er yfir

leikskólanum og viðmót í garð bæði foreldra og barna til eftirbreytni. Tekið er á vandamálum sem upp koma af festu, sem skapar mikið traust. Mikilvægt er að huga betur að útisvæði leikskólans þar sem klakabunkar koma oft í veg fyrir útiveru og skapandi útinám barnanna. „Aðeins um plássleysi inn á sjálfum deildunum. Ekki mikið af svæðum þar sem börnin geta leitað til að fá smá næði og ró ef lætin verða mikil inn á deildinni.“ „Aðbúnaður úti mætti vera betri, aðallega varðandi t.d. frárennsli rigningarvatns og slabbs (geta myndast svakaleg svell og pollar svo að börnin geta ekki verið úti.“ „Frábær leikskóli og starfsfólk sem er mjög umhugað um öll börnin og líðan þeirra.“ „Langar að hrósa leikskólakennurunum fyrir rosalega gott upplýsingaflæði og umhyggju til okkar foreldra og barna. Til fyrirmyndar öll sem eitt.“ „Gæti ekki verið meira ánægð sem foreldri með allt starfsfólkið og starfið á Álfaborg, algjör draumur.“ „Frábær leikskóli að öllu leyti, gætum ekki verið ánægðari með að hafa fengið pláss í Álfaborg. Takk fyrir framúrskarandi starf elsku öll.“ Þessi opnu svör sem eru hér að ofan lýsa niðurstöðum foreldrakönnunnar. Við erum með 90-95% í svörum frekar sammála og mjög sammála.

Þátttakendur í könnun á vegum Sameykis voru spurðir um níu þætti í starfsumhverfi sínu, en þeir voru eftirfarandi: trúverðugleiki stjórnenda, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í starf, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja, stolt og jafnrétti. Markmiðið með að velja fyrirmyndarstofnanir er að hvetja stjórnendur til að huga að mannauðsmálum og auka umræðu um aðbúnað og líðan starfsfólks á vinnustöðum. Það er skemmst frá því að segja að Álfaborgin lenti í fjórða sæti sem fyrirmyndarstarfsstaður í flokki meðalstórra stofnana. Hæðst í þessum könnunum eru 5, mjög góð einkunn er 4,5-5,0. Heildarmat eftirfarandi þátta eru þessi: stjórnun, starfsandi, sveigjanleiki í vinnu, ímynd, sjálfstæði í starfi, ánægja og stolt og jafnrétti, fékk „mjög góða einkunn“. Aftur á móti fengu þættirnir: launakjör og vinnuskilyrði „frekar góða einkunn eða 3,5-4,4“. Niðurstöður þessara könnunar svipar til foreldrakönnunnar þar sem það á við sem undirstrikar þá strauma og stefnur sem við erum að vinna eftir. Alla þá þætti sem voru til athugunar í báðum könnunum verður unnið áfram með á næsta skólaári þar sem þetta eru þættir sem hafa mikil áhrif á líðan starfsmanna og barna.

Hvert ár miðar að því að gera góðan skóla betri.

2.1 Innra mat

Álfaborg er með langtíma matsáætlun til fjögurra ára á innra mati. Þeir þættir sem metnir voru þetta skólaár eru eftirfarandi:

2.2 Stjórnun – innleiðing snerpusamtala heldur áfram

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skipta deildum á milli sín og hafa snerpusamtöl. Á síðasta skólaári var byrjað með fjögur 15 mínútna samtöl. Síðastliðið haust var það endurskoðað og fækkað í þrjú 20 mínútna samtöl sem kom vel út. Í erli leikskóladagsins er oft ekki hægt að koma því við að taka fjögur yfir árið. Það er skemmst frá því að segja að

aðstoðarleikskólastjóri náði að klára sína starfsmenn en því miður ekki leikskólastjóri. Kennarar eru ánægðir með þetta fyrirkomulag. Niðurstöður úr samtölunum eru í kafla 4.

2.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Kaffihúsafundur með foreldrum var haldinn í haust. Í miðrými leikskólans voru sett upp 6 átta manna borð. Á hverju borði voru spurningar tengdar innra mati sem átti að ræða. Hvert borð kaus ritara sem skilaði síðan svörum inn. Á eftir var boðið upp á veitingar og foreldrar höfðu tækifæri til að spjalla og kynnst, áður en haldið var heim.

2.3.1 Niðurstöður úr umræðum foreldra:

Viljið þið sjá fleiri eða færri viðburði og hvaða tímasetning hentar best fyrir viðburði eða fundi?

Foreldrum finnst hæfilegt magn af viðburðum sem þeir taka þátt í. Sérstaklega fyrir foreldra með börn á öðrum skólastigum. Tíminn í byrjun og lok dags hentar best fyrir viðburði og fundi. Samstaða var um að tíminn 17-18 sem hefur verið fyrir foreldrafund að hausti sé hentugur.

Hugmyndir frá ykkur um hvað þið viljið sjá meira af í starfi leikskólans eru vel þegar.

Foreldrar höfðu ekkert út á að setja varðandi starf leikskólans.

- Sumir foreldrar hafa farið í gegnum margar deildir og eru allir sammála um ágæti starfsins.
- Mikil ánægja er með hve fjölbreytt og öflugt starf er í skólanum og góður stuðning við börn með annað móðurmál.
- Við vitum eiginlega ekki hverju væri hægt að bæta við eða sjá meira af þar sem allir við borðið eru svo ánægðir með starfið í Álftaborg yfir höfuð.
- Viljum ekki bæta við hugmyndum svo fjölbreytt og frábært starf nú þegar.

Tækifæri til umbóta:

- Það væri gott að vita hvaða lög er verið að syngja í leikskólanum svo foreldrar geti sungið heima.
- Mætti vera meiri útvera og það þarf að laga garðinn.

Hver finnst ykkur vera lykill/lyklar að hamingju barna?

- Öryggi, nýbreytni, ís, vellíðan og að eiga góðan vin.
- Að frá frelsi til að vera þú sjálf/ur.
- Stöðugleiki í starfsmannahaldi hjálpar mikið.
- Að tekið sé tillit til að börn eru ólík.
- Mikið knús til fyrirmyndar.
- Sköpun, gleði og vinátta.



- Jólagjöfin var stórkostleg.

Hvernig getur leikskólinn komið betur á móts við þarf barna ykkar?

Sveigjanleiki fyrir börnin og ólík verkfæri fyrir ólíka einstaklinga og þarfir.

Finnst ykkur þið fá nægar upplýsingar um starf deilda og þróunar- og þemaverkefni sem eru í gangi á deildum?

- Vikupóstur lesinn af öllum (við borðið).
- Vikupóstur er stórskemmtilegur og fróðlegur og skemmtilegar myndir, fimm stjórnur.
- Fáir sem fara á heimasíðuna en allir lesa póstana.
- Ánægja er með völuappið og föstudagspósta og skilaboð ef eitthvað kemur upp á og í lok dags.
- Yndislegt starfsfólk sem á hrós skilið.

Tækifæri til umbóta:

Auglýsa fyrr ef eitthvað er um að vera t.d. öðruvísi dagar. Upplýsingar um nýja starfsmenn með mynd væri vel þegið.

2.4 Foreldrakönnun innan leikskólans

Á vordögum var lögð könnun fyrir foreldra í leikskólanum. Þátttaka var 62%, við hefðum viljað sjá betri þátttöku. Við vildum skoða hvaða þættir það væru í leikskólastarfi sem foreldrar töldu að barnið þroskaðist best í. Niðurstöður sýna að foreldrar vilja að umhverfi barna sé traust og öruggt þar sem hugað er vel að líkamlegu og andlegu heilbrigði og sé sjálfsefandi.

Telji þið að barnið þroskist vel í umhverfi sem er:

- traust og öruggt 100%
- hugað er vel að heilbrigði bæði líkamlegu og andlegu 100%
- hvetjandi og ýtir undir sjálfstraust og sjálfsálit 98%
- leggur áherslu á að barnið læri að axla ábyrgð sem hæfir þroska þeirra og aldri 83%
- lýðræðislegt þar sem hlustað er á raddir barnanna og þau séu með að taka ákvarðanir um daglegt líf í leikskólanum 73%
- fjölskylduvænt og byggir upp sterk og jákvæð tengsl við fjölskyldu og vini 59%

2.5 Starfsmannakönnun

Spurningakönnun var lögð fyrir leikskólakennara og annað starfsfólk þar sem spurt var um fjóra þætti. Niðurstöður voru að: 64% eru mjög sammála, 32% sammála og 4% hvorki/né að stjórnendur láta sér annt um vellíðan starfsfólks. Á vinnustaðnum ríkir tillitssemi og virðing, 63% eru mjög sammála, 23% eru sammála og 14% hvorki/né. 77% eru mjög sammála og 23%

sammála um að leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri séu traustsins verðir. Berðu traust til deildarstjóra, mjög mikið 68% , 18% mikið og 14% hvorki/né.

Ábendingar og umbótahugmyndir frá starfsmönnum.

- Myndi vilja sjá meira flæði milli deildanna. Það er ólíkt hvernig reglurnar eru milli deilda.
- Kærar þakkir þið eigið frábært starf í leikskólanum.
- Morgunfundir eru of langir ætti ekki að taka 39 mínútur að taka stöðuna á húsinu. Svo eru þessir vikulegu stjórnendafundir í 2 klst. líka of langir, ættu að vera skilvirkari. Mikil vöntun á deildarfundum hafa verið alltof fáir í vetur.
- Besti vinnustaður í heimi.



2.6 Rýnihópa samtöl við börnin

Í tengslum við einn umbótaþáttinn fyrir þetta skólaár, „skipulag náms og námsaðstæður og námssvið leikskólans“ tóku eldri deildirnar rýnihópa samtöl við börnin. Börn voru valin af handahófi í tvo 6 barna hópa.

Nokkrum spurningum var kastað inn í hópinn; getið þið nálgast (náð í sjálf) allt sem þið viljið nota í leik og starfi, án þess að biðja um hjálp frá kennurum? Hvað þurfi þið hjálp við að ná í? Hvernig er hægt að laga það?

Börnin töluðu um að þau næðu ekki upp í allar hillurnar og ekki í dótið sem væri þar og komu með tillögur um hvernig hægt væri að breyta því:

- Setja hillurnar með möppunum neðar svo við náum þeim.
- Það þarf að setja alla hluti sem eru uppi niður.
- Kannski getum við notað band til að klifra upp, reipi sem er hangandi og ná í.
- Við viljum ná í allt sjálf en ekki fá hjálp frá kennurunum.

Þegar spurt var um hvað vantaði á deildina og hverju mætti breyta fengum við mörg skemmtileg svör og tillögur.

- Hún mætti t.d. vera græn, allt herbergið hér. Já eða regnbogi málað. Jááá glimmer regnbogi.
- Og af hverju setjum við ekki límmiða sem eru VÆB?
- Vantar nefnilega sal, sem við getum æfið okkur hér inni. Svo við þurfum ekki að fara út í Víkingsalinn.
- Vildi að það væru dýr í leikskólanum.
- Vil hafa dúk á borðunum.
- Svona dúpló sem er kastali og skógardýr.
- Búr með einhverjum dýrum sem [nafngreint barn] er ekki með ofnæmi fyrir.
- Vantar sundlaug og klefa þar sem enginn getur séð okkur skipta í sundföt. Strákar verða saman og stelpur verða saman.
- Það vantar líka hoppubelg í garðinn, það er nóg af plássi á grasinu.
- Vantar dótaflugvél.
- Við viljum meira dót eins og litla bíla sem krakkar má keyra í.
- Okkur vantar eitur til að rannsaka fyrir vísindi.
- Sjónvarp inn á deild (töflu sem er hægt að skrifa á).
- Klifur vegg upp á þak.

Farið verður yfir þessar skemmtilegu tillögur með börnunum og valdar nokkrar sem hægt er að framkvæma.



3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun - uppeldis og menntastarf, Leikskóli án aðgreiningar innra mat	
Leikskóli án aðgreiningar	
Tækifæri til umbóta	Hvernig er unnið með fjölbreytileika.
Aðgerðir til umbóta	Fræðsla um fjölbreytileika - þróa leiðir til að skapa umhverfi þar sem allir einstaklingar fá tækifæri til að njóta sín og taka virkan þátt, óháð bakgrunni eða aldri.
Ábyrgð	Matsteymi leikskólans og allir stjórnendur.
Tímarammi	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Samtöl við börnin, rýnihópar og matslistar.
Viðmið um árangur	Að börnin geri sér grein fyrir fjölbreytileikanum efli umburðarlyndi og víðsýni.
Stjórnun - mannauður og leikskólabragur Hlutverk leikskólakennara sem fagleg fyrirmynd	
Hlutverk leikskólakennara	
Tækifæri til umbóta	Leikskólakennarar auki enn frekar þekkingu sína, deili henni til annarra starfsmanna og veiti leiðsögn.
Aðgerðir til umbóta	Fagfundir - starfsþróun fyrir leikskólakennara til þess að ræða starfið og fagið. Miðla því sem vel gengur og finna lausn á því sem betur má fara.
Ábyrgð	Matsteymi leikskólans og leik- og aðstoðarleikskólastjóri.
Tímarammi	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Samtal við kennara og könnun.
Viðmið um árangur	Að allir starfsmenn komi að samvinnu og samræðum um faglegt starf leikskólans.
Stjórnun - Viðhorf foreldra til leikskólans. innra mat	
Viðhorf foreldra	
Tækifæri til umbóta	Kanna ánægju/viðhorf foreldra með starf leikskólans.
Aðgerðir til umbóta	Bjóða upp á kaffihúsafundi að hausti og vori.
Ábyrgð	Matsteymi leikskólans og leik- og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímarammi	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Spurningakönnun til foreldra.
Viðmið um árangur	Að 90% foreldra séu ánægð með leikskólann.

4 Innra mat deilda

Hér á eftir koma umsagnir um síðast skólaár og umbótaráætlun fyrir næsta ár frá hverri deild.

4.1 Seljaland

4.1.1 Umsögn um starf síðasta skólaárs

Læsi

Aðra hverja viku skiptust skólahópur og einhyrningahópur (yngri hópurinn) á því að fara í bókasafnið í Kringlunni. Þar voru tvær bækur lesnar og svo var notaleg stund þar sem börnin gátu skoðað þær bækur. Áður en farið var heim völdu þau bækur til að taka með í leikskólann. Þær bækur voru síðan lesnar í samverustundum. Mikill áhugi var á bókaflokknum um Stjána og stríðnispúkana hans. Einnig sóttust börnin í bækur með tilraunum og um álfa.

Litir og blöð voru alltaf aðgengileg fyrir börnin sem þau gátu nálgast að vild og miðar með nöfnum barnanna voru aðgengileg þannig að þau gátu æft sig í að skrifa nafnið sitt á myndirnar. Börnin hafa einnig aðgang að fjölbreyttum bókum sem þau geta skoðað sjálf eða beðið um að lesið sé fyrir þau.

Á hverjum degi í samveru voru lesnar bækur sem börnin höfðu áhuga á.

Við unnum með námsefnið „Lubbi finnur málbein“. Farið var í fjölbreytta vinnu með börnunum til að kynna fyrir þeim málhljóðin í útikennslu. Farið var í fjölbreytta leiki til að fanga áhuga þeirra eins og boðhlaup þar sem börnin pörðu saman málhljóð og myndir, fjársjóðsleit með málhljóð vikunnar og leita að hlutum í náttúrunni sem passaði við það málhljóð sem unnið var með hverju sinni. Stafamottur voru einnig notaðar þar sem börnin flokkuðu myndir á réttan stað og börnin mynduð stafina með því sem þau fundu í náttúrunni. Þegar ekki viðraði nógu vel svo hægt væri að vinna með Lubba úti, hentaði Víkingssalurinn einkar vel. Að samræma Lubbastundir og hreyfingu vakti mikla lukku og náði vel til allra barnanna.

Þetta skólaárið fór bókin *Gunnhildur og Glói* eftir Guðrúnu Helgadóttur heim með hverju barni. Þar var bókin lesin og hugleiðingar barnanna skrifaðar niður í stílabók sem fylgdi með. Lesið var upp úr stílabókinni í samverustund og hugleiðingarnar ræddar frekar.

Í gönguferðum var farið eftir umferðarreglum og þær ræddar, einnig skoðuðum við þau umferðarmerki sem á leið okkar urðu. Þegar gengið var um hverfið voru ýmsir staðir þar ræddir og skoðaðir. Í maí var svo umferðarskólinn fyrir elsta hópinn.

Tækifæri til umbóta:

Gaman væri að skoða fleiri bókasöfn en Kringlubókasafnið.

Betra væri að skipta samverustundunum í 2-3 hópa svo að börnin geti notið sín betur.

Huga þarf að því að velja bókina sem fer heim með börnunum þannig að hægt sé að vinna með hana áfram í leikskólanum. Spyrja börnin hvað þau langi að gera varðandi efni bókarinnar. Einnig væri gott að lesa bókina oftar.

Spurning er hvort að umferðarskólinn gæti einnig verið fyrir næst elstu börnin.

Barnasáttmálinn

Við ræddum mikið um barnasáttmálann og réttindi barnanna í öllu starfinu. Þær greinar sem við höfðum að leiðarljósi voru greinar nr.:

- 2 – öll börn eru jöfn,
- 3 – það sem barninu er fyrir bestu,
- 12 – virðing fyrir skoðunum barnanna,
- 13 – frelsi til að deila hugmyndum sínum,
- 14 – skoðana- og trúarfrelsi,
- 24 – heilsuvernd, matur, vatn og umhverfi,
- 26 – félagsleg og efnahagsleg aðstoð og
- 27 – næring, föt og öruggt heimili.

Samstarfinu við Tónskóla Sigursveins var haldið áfram. Lögin sem valin voru fyrir barnamenningarhátíðina í ár samsvöruðu vel barnasáttmálanum og gátum við unnið mörg verkefni út frá þeim.

Tækifæri til umbóta

Ætlunin var að taka þátt í verkefninu „Jól í skókassa“ þetta skólaárið, en því miður vorum við ekki nógu skipulögð og gleymdum því. Tækifæri til umbóta; að byrja snemma að undirbúa þátttöku í verkefninu og er það markmið fyrir næsta skólaár.



4.1.2 Umbótaáætlun 2025-2026

Seljaland - börn fædd 2021	
Barnasáttmálinn	
Tækifæri til umbóta Að hverju er stefnt?	Þetta árið tökum við inn hóp sem er 3-4 ára og verðum með þau í tvö ár. Ætlunin er því að skipta niður níu greinum sáttmálans á tvö misseri. Við tökum mið af aldri þeirra og hæfni varðandi val á greinum og verkefnum sem unnið verður með hverju sinni. Markmiðið er að börnin þekki að minnsta kosti 9 greinar barnasáttmálans. Fyrst munum við leggja áherslu á greinar 2, 24 og 27 fyrir áramót og eftir áramót verða greinar 3 og 12 teknar fyrir. Hugsunin er svo að ári seinna verði unnið með greinar 13, 14, 15 og 26.
Aðgerðir til umbóta -Hvernig á að framkvæma það?	Rætt verður um barnasáttmálann í starfinu öllu og tengdur við verkefni og áhuga barnanna. Kennarar og starfsfólk verða meðvituð um innihald sáttmálans og geta þá gripið inn í og tengt greinarnar við það sem er í gangi hverju sinni. Einnig er ætlunin að taka þátt í verkefninu <i>Jól í skókassa</i> fyrir jólin.
Ábyrgð	Allir
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í október '25 og lýkur maí '26.
Hvenær og hvernig á að meta?	Við metum árangurinn á því hve mikill áhugi barnanna er sem og hversu vel þau þekkja innihald sáttmálans þegar skólaárinu lýkur. Rætt verður við börnin reglulega til að athuga hversu vel þau átta sig á réttindum sínum. Einnig munum við ræða við foreldra um hvort að börnin ræði sáttmálann heima fyrir.
Sköpun	
Tækifæri til umbóta Að hverju er stefnt?	Við ætlum að mæta börnunum þar sem þau eru stödd, gefa þeim tækifæri til að koma með sínar hugmyndir og þróa þær. Kennarar og starfsfólk mun aðstoða þau og hvetja þau

	áfram og ýta undir sjálfstæði þeirra. Áherslan verður á sköpunarferlið frekar en útkomuna og hvað þau læra af ferlinu. Markmiðið er að börnin fái frekari tækifæri til að koma með hugmyndir og hafa áhrif á það sem þau gera í leikskólastarfinu. Auka sjálfstæði þeirra og efla sjálfstraust. Einnig er stefnt að því að börnin geti haldið áfram að þróa hugmyndir sínar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Efniviður til sköpunar verður aðgengilegur svo að börnin geti séð hvaða möguleika þau hafa til að framkvæma hugmyndir sínar. Einnig munum við gefa þeim tíma og rými til sköpunar í minni hópum. Ætlunin er að fara í ýmsar ferðir á söfn þar sem börnin geta kynnst fjölbreyttri sköpun og fengið hugmyndir sem þau geta útfært á sinn hátt. Við munum kynna fyrir þeim að sköpun er margvísleg og að það sé hægt að búa til leikrit, sögur og ljóð sem dæmi. Þá er tilvalið að fylgjast með hver áhugi barna er út frá bókum sem lesnar eru fyrir þau og gefa þeim tækifæri til að vinna einhverskonar þemavinnu út frá sögununum. Hvort sem það yrði leikrit, ljóð, listaverk, sönglög eða brúðuleikrit. Við munum efla hvert og eitt barn til þátttöku og finna þeirra styrkleika í sköpun.
Ábyrgð	Allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í október '25 og lýkur maí '26.
Hvenær og hvernig á að meta?	Með skráningum munum við meta árangur út frá því sem börnin skapa og þróun sköpunarinnar hjá þeim. Hvernig þau takast á við að finna lausnir og hvernig þau útfæra hugmyndir sínar. Einnig munum við notast við skráningar til að sjá hvernig sköpunarferlið þróast hjá þeim yfir árið.



4.2 Hlíðarhvamur 2023-2024

4.2.1 Umsögn um starf síðasta skólaárs

Starfið á Hlíðarhvammi 2024-2025 hefur gengið mjög vel. Á deildinni var blandaður hópur af yngri og eldri nemendum (börn fædd 2019 og 2020). Sum voru að hefja sinn annan vetur á deildinni á meðan önnur komu af yngri deildum og enn önnur ný í leikskólann. Samstarf ver á milli deilda þar sem elstu tveimur árgöngunum var deilt niður á tvær deildir og því var að mörgu að huga varðandi starfið og skipulag þess þennan veturinn.

Hópurinn er rosalega flottur, orkumikill og sjálfstæður. Börnin hafa þroskast og lært mikið og eins höfum við kennarar komið upp góðri rútínu á deildinni. Okkur hefur gengið sérlega vel að halda hópastarfi allan veturinn, farið í ýmskonar ferðir og unnið fjölbreytt starf.

Í starfsáætlun síðasta árs settum við fram þrjá megin þætti til þess að vinna með, en þeir voru sköpun, barnasáttmálinn (lýðræði) og hamingjuverkefni („lykilinn að hamingju barna“). Okkur hefur gengið vel að vinna með þessa þætti og tengja heimili og leikskóla saman í þeirri vinnu. Foreldrar eru vel meðvitaðir um hamingjuverkefnið og hafa tekið virkan þátt með ýmskonar „heimaverkefnum“. Við höfum náð að tengja sköpun inn í flesta þætti starfsins og unnið með efnivið af öllu tagi. Okkur hefur reynst erfiðast að vinna með Barnasáttmálann en gildi hans hafa þó verið rauður þráður í starfinu. Okkur hefur klárlega farið fram í vinnunni sem tengist barnasáttmálanum og erum við á góðri leið með að innleiða hann í starfið, enda voru börnin að byggja ofan á þekkingu sína frá því í fyrra.

Hér koma stuttar lýsingar á því hvernig unnið var með þætti starfsáætlunarinnar á skólaárinu 2024 – 2025.

Sköpun:

Sköpun var fastur liður í starfinu allan veturinn og reyndum við að leita fjölbreyttra leiða og nota ólíkan efniviði. Sköpun fólst meðal annars í myndlist, sagnagerð, ljóðagerð, hreyfistundum, frjálsum leikjum, bakstri, útiveru, tilraunum og fleira. Viðbót við deildina þetta árið var nýtt borð sem bauð okkur upp á nýja nálgun á sköpun og gefa börnunum færi á að leika og skapa með opnum efnivið. Í tengslum við þemaverkefni vetrarins „blómin á þakinu“ og heimili barnanna og okkar nærumhverfi fékk sköpun barnanna að njóta sín með verðlausan efniviði af ýmsu tagi.

Börnin hafa verið sérlega skapandi allan veturinn, náð að búa til leiki og sögusvið úr engu, haft frjálst aðgengi að blóðum, litum, skærum og fleiru og haft mikinn áhuga á allskonar kubbum (segul, dublo, lego og plusplus) þar sem sköpunargleðin og hugmyndaflugið hefur ráðið ríkjum.

Starfsmenn deildarinnar hafa allir tekið virkan þátt í sköpuninni og því hafa verkefnið og viðfangsefnið verið fjölbreytt og skemmtileg. Sköpunarferlinu hefur verið gefið meira vægi og gert jafn hátt undir höfði eins og útkomunni.

Tækifæri til umbóta: Þrátt fyrir að hafa tengt sköpun við flesta þætti starfsins þá eru ennþá þættir til umbóta líkt og aukin sköpun í gegnum leikrit, söng og dans sem verður unnið með í auknum mæli næsta skólaár.



Barnasáttmálinn (lýðræði):

Bæði leikskólinn og deildin okkar vinna út frá sérstökum gildum og dygðum sem eru að einhverju leiti byggð á Barnasáttmálanum. Við höldum áfram með þá vinnu sem byrjuð var á seinasta skólaári varðandi barnasáttmálan og byggðum ofan á þekkingu barnanna. Við ákváðum að vinna aðallega út frá réttindum 2, 3, 6 og 12 (einnig 13, 14, 24, 26 og 27) sem eru megin þættir sáttmálans og voru einnig plaggöt tengd sáttmálanum sýnileg á deildinni sem sköpuðu oft umræður.

Lýðræði hefur verið stór partur af vinnu deildarinnar og taka börnin fullan þátt í skipulaginu. Raddir barnanna fá að njóta sýna og kennarar vinna út frá þeirra hugmyndum. Einnig höfum við verið dugleg að vera með kosningar á deildinni og vita börnin alveg hvernig lýðræðislegar kosningar fara fram og að meirihlutinn ræður. Bæði hafa börnin skipulagt hópastarf, frjálst val, hreyfistundir og samverur.

Börnin velja sjálf þær bækur sem eru lesnar og koma sér saman um ýmsa þætti með lýðræðislegum kosningum. Einnig kemur bangsinn Blær inn á barnasáttmálan og ýmis mikilvæg gildi.

Tækifæri til umbóta:

Barnasáttmálinn er sá þáttur sem við viljum halda áfram að vinna með næsta vetur og fara dýpra í. Þar sem að við munum halda áfram að vinna með hluta barnahópsins næsta vetur

(auk barna frá öðrum deildum sem hafa einnig kynnst sáttmálanum) þá teljum við að hægt verði að byggja ofan á þá þekkingu sem nú þegar er til staðar og fara dýpra í hugmyndir sáttmálans. Hugmyndir að vinnu er til að mynda:

- Tengja bangsann Blæ enn frekar við sáttmálann.
- Leita nýrra leiða til þess að kynna sáttmálann fyrir börnunum á einfaldan hátt sem getur skapað góðar umræður, gegnum myndbönd, fræðslu og heimsóknir.



Lykillinn að hamingju barna:

Hamingjuverkefnið hefur tekist vel hjá okkur og mikill áhugi fyrir því. Viðtöl voru tekin við börnin um hamingju og ýmis verkefni voru unnin, teikningar og myndlist. Börnin fengu tækifæri til þess að tjá hamingju og gleði með orðum, en einnig í gengum sköpun og tjáningu. Gott foreldrasamstarf hefur verið á deildinni og foreldrar verið til í að svara spurningum tengdum verkefninu, taka þátt í starfinu og mæta á viðburði.

Haldið var upp á hamingjudaginn hátíðlega að vanda með ýmskonar viðburðum sem heppnaðist frábærlega. Dagskráin var svo mikil að þessu sinni að gleðin teygði sig yfir á tvo daga, gleðin og áhuginn var í fyrirrúmi bæði hjá börnum og foreldrum.

Börnin okkar eru alla jafna mjög glöð og hamingjusöm á deildinni og mjög virk í starfi deildarinnar. Við höfum talað mikið um tilfinningar í vetur og hefur bangsinn Blær hjálpað okkur í þeirri vinnu. Börnin eru mjög meðvituð um hamingjuna og þær tilfinningar sem henni fylgja. Við höfum gefið sjálfsprottum leik meira vægi og byggingar og aðrir leikir fengið að standa yfir daginn/vikuna. Foreldrafélagið tók virkan þátt og bauð upp á danskennslu yfir veturinn sem lauk á sýningu fyrir foreldra á hamingjudeginum. Rosalega skemmtilegt, tengdi foreldra enn betur við verkefnið og börnin í skýjunum með sýninguna og danskennsluna. Samkvæmt þeim umbótaþáttum sem við settum fram seinasta vor þá gekk okkur mjög vel og náðist að vinna með alla þættina. Við getum þó alltaf gert betur og munum halda áfram vinnunni.



4.2.2 Umbótaáætlun 2025-2026

Hlíðarhvammur 2025-2026	
Sköpun	
Tækifæri til umbóta. Að hverju er stefnt?	Efla skapandi hugsun barnanna, leita ávallt nýrra leiða við sköpun og nýta fjölbreyttan og opinn efnivið enn frekar. Gefa börnum nægan tíma og næði við sköpunina. Sjá sköpun í ólíkum aðstæðum og með opnum hætti, börn geta verið skapandi með ólíkum hætti. Efla sköpun sem ekki fram fer í listaskála, sérstaklega í gegnum leiki, leikrit, dansa, lög og útiveru. Að börnin fái að prófa sig áfram og hafa aðgengi að ólíkum efnivið. Tengja sköpun við alla þætti starfsins, íþróttir, bangsa Blæ, samverur og fl. Styrkja áhuga barnanna og frumkvæði.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Virkja alla starfsmenn og börn til þess að taka þátt í sköpun til þess að fá sem fjölbreyttustu hugmyndirnar og nýjar hugmyndir.

	Hafa allan efnivið aðgengilegan og verkefnið mjög fjölbreytt. Setja sérstaka áherslu á sköpun í gegnum leik, leikrit, dans, söng, tónlist og fl. Gefa tíma og næði.
Ábyrgð	Allt skólaárið 2025 – 2026, frá september til maí.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar.
Barnasáttmálinn (lýðræði)	
Tækifæri til umbóta Að hverju er stefnt?	Byggja ofan á þá vinnu sem byrjaði á síðustu skólaárum og fara dýpra í einstaka markmið sáttmálans. Gefa vinnunni tengda barnasáttmálanum meira rými, t.d. í hópastarfi, og leita nýrra leiða til þess að ná til barnanna og fanga áhuga þeirra. Ná að tengja þætti sáttmálans við okkar daglega líf og skapa umræður.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir líkt og bækur, sköpun, myndbönd og vettvangsferðir í kennslu til þess að ná til sem flestra og auka áhuga barnanna. Læra af öðrum (deildum/skólum/leikskólum) hvernig vinna má með barnasáttmálann. Fara yfir þá þætti sem okkur datt í hug á seinasta skólaári og mættu betur fara eða náðust ekki. Leggjum sérstaka áherslu á markmið 2, 3, 6, 12, 13, 14, 24 og 26 líkt og áður, en bættum inn fleiri markmiðum eftir áhuga og verkefnum barnanna.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildanna.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið 2025 – 2026, frá september til maí.
Hvenær og hvernig á að meta?	Verður metið með skráningum, samtölum og rýnihópi.

	Að börnin hafi skilning á hlutverki barnasáttmálans og taki virkan þátt í umræðu og vinnu í tengslum við hann. Læri að segja sína skoðun og hugmyndir á sama tíma og þau virða skoðanir annarra.
--	--

4.3 Merkisteinn

4.3.1 Umsögn um starf síðasta skólaárs

Sköpun

Við lögðum upp með að frjáls sköpun væri rauði þráðurinn í gegnum allt starfið. Það gekk mjög vel og börnin voru glöð og áhugasöm í allri sköpunarvinnu. Börnin fengu mikið að vinna eitt í einu með starfsmanni til að fá næði og tíma til að vinna að verkinu sínu. Við upplifðum að börnin voru óhrædd við að fylgja hugmyndum sínum eftir og fara „út fyrir kassann“. Þar má nefna páskaunga sem sumir breyttust í páska t-rex og páska-banana. Starfsfólk var meðvitað um að börnin sjálf fengju að ráða ferðinni og trufluðu ekki ferlið með væntingum um fyrir fram ákveðna niðurstöðu.

Hver er lykillinn að hamingju barna?

Í haust fengum við nýjan barnahóp. Börnin voru tveggja ára og sum hver ekki farin að tjá sig mikið með orðum. Hamingjuverkefnið okkar fólst að mestu í því að taka myndir af börnunum í leik og starfi og ræða um hvað væri skemmtilegt eða gerði þau glöð. Þegar leið á veturinn gátu öll börnin sagt hvað þeim þætti skemmtilegast að gera í leikskólanum. Í framhaldi af því útbjuggu börnin veggspjald með aðstoð kennara sinna þar sem myndir af börnum við uppáhalds iðjuna voru límdar upp. Hamingjuverkefnið snertir á svo mörgum þáttum lífsins, þar sem við vinnum til að mynda með samskipti því við erum hamingjusamari í jákvæðum samskiptum. Við höfum lagt áherslu á að börnin hafi rödd og fái að hafa áhrif á starfið. Þegar starfsfólk hlustar á börnin er líklegra að þau finni að hamingja þeirra og velferð skiptir máli.

Við erum ánægðar með byrjunina og viljum gjarnan vinna áfram með hamingjuverkefnið, enda áfram með að mestu leyti sama hóp á komandi vetri og því hægt að ná skemmtilegri samfellu.

Málörvun

Læsi fléttast inn í allt starfið á ýmsan hátt. Þar má til að mynda nefna leikæsi og tilfinningalæsi. Aðal markmiðið var að börnin myndu læra að lesa í aðstæður hjá hvert öðru og virða mörk annarra og sín eigin. Við höfum tekið eftir miklum framförum hjá börnunum. Við lögðum upp með að börnin þekktu málhjóð sín og annarra á deildinni. Það gekk vel, börnin voru áhugasöm og fannst gaman að vinna með Lubba. Lubbi fór í helgarheimsókn til

allra barna á deildinni. Þar fékk hann að taka þátt í daglegu lífi þeirra og foreldrar skráðu niður í máli og myndum. Á mánudögum kom barnið, sem hafði verið með Lubba, fram í samveru og sagði frá heimsókninni og sýndi myndir því til stuðnings. Reglulegar söng- og sögustundir eru órjúfanlegur hluti af starfinu.

Tækifæri til umbóta

Að okkar mati hefur vinna vetrarins gengið vel og við ætlum að setja okkur það markmið að byggja ofan á það sem komið er. Við sjáum gríðarmörg tækifæri til umbóta. Síðastliðinn vetur höfum við verið með Lubbabeinin sýnileg á vegg og hugmyndin er að útbúa Lubbavegg þar sem táknin sem búið er að vinna með prýða vegginn í kringum stóra mynd af Lubba. Þar væri til dæmis hægt að setja táknin sem við erum að læra hverju sinni við munninn á Lubba og hin táknin í kring um hann. Einnig langar okkur að vinna hugarkort þar sem börnin hjálpast að við að finna orð sem byrja á táknunum.

Við teljum að við getum gengið lengra í vinnunni með Blæ næsta vetur. Við stefnum á að halda áfram að hafa myndir sýnilegar á veggjunum en bæta við umræðum barnanna. Þar koma skráningar sterkar inn. Við sjáum mörg tækifæri og styrkleikar okkar liggja í því að fylgja hugmyndum barnanna eftir í stað þess að vinna að fyrir fram ákveðnum niðurstöðum.

Á deildinni munu dvelja börn frá ellefu þjóðernum næsta vetur. Tækifæri til umbóta væri að vera duglegri að skrá niður þegar við „gefum tíu“ með Gefðu tíu- verkefninu. Að okkar mati er erfitt að meta vinnuna og hafa yfirsýn ef skráningarnar eru ekki til staðar. Með skráningum tryggjum við að öll börn fái auka málörvun og nánd.



4.3.2 Umbótaáætlun 2025-2026

Merkisteinn/ aldur barna: 2022	
Málörvun	
Tækifæri til umbóta Að hverju er stefnt?	Að vinna með Lubba og Blæ og byggja ofan á fyrri þekkingu barnanna. Gefa tíu og vera öflugar í skráningum.
Aðgerðir til umbóta -Hvernig á að framkvæma það?	Hafa Lubbatáknin sýnileg uppi á vegg og sömuleiðis krísumyndir úr vináttuverkefni Blæs til að skapa umræður.
Ábyrgð	Allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 25 - maí 26
Hvenær og hvernig á að meta?	Vinna hugarkort. Nota sitthvorn litinn milli anna til að meta framfarir. Gera skráningar fyrir Gefðu tíu.

4.4 Lækjarhvammur

4.4.1 Umsögn um starf síðasta skólaárs

Hamingja barna og barnasáttmálinn:

Við lögðum spurningar fyrir börnin hvert og eitt.

- Til hvers hlakkar þú?
- Hvað ert þú þakklát/þakklátur fyrir?
- Hvað langar þig að gera? (Hvað er skemmtilegt að gera?)

Við fengum fjölbreytt og skemmtileg svör. Það sást vel að fjölskyldan er þeim ofarlega í huga. Samvera með fjölskyldu og vinum er mikilvæg og leikurinn í öllum sínum myndum.

Við kynntum barnasáttmálann fyrir börnunum. Sýndum þeim myndabandið: Við eigum öll réttindi. Við völdum greinar 24. og 27. Heilsuvernd, vatn, matur, umhverfi, næring, föt og öruggt heimili.

Við lögðum áherslu á fræðslu um vatnið í ýmsum myndum. Ræddum mikið um hvað við værum heppin á Íslandi að hafa gott vatn og að fá vatnið beint úr krananum. Einnig um mikilvægi þess að láta vatnið ekki renna að óþörfu. Við máluðum á snjó og prufuðum að frysta klaka og fylgjast með þeim bráðna. Einnig töluðum við um hollan mat og tannvernd.

Foreldrafélagið bauð upp á danskennslu í vetur og það voru hamingjusöm börn sem sýndu foreldrum dansana á hamingjudeginum.



Læsi:

Við höfum haldið áfram að vinna með Lubba og farið yfir fyrsta máhljóðið í nafni hvers barns á deildinni. Við erum með söngstundir, lestrarstundir og börnin læra textana við mörg lög. Við hvetjum börnin til að nota orðin sín, tjá tilfinningar, tala saman og finna lausnir sín á milli.

Börnin kunna máhljóðið sitt. Þau eru mjög áhugasöm um máhljóðin og mörg barnanna geta sagt frá fyrsta máhljóði í nafni foreldra, systkina og jafnvel ömmu og afa.

Sköpun:

Við höfum boðið börnunum upp á margvíslegan efnivið, t.d. að mála með fingrum og penslum, mála á efni, ólíkar gerðir málningar t.d. þekjuliti, vatnsliti, við máluðum buff, gifs, laufblöð, steina og snjó. Við höfum verið dugleg að klippa og líma. Mikið er verið að byggja úr alls konar kubbum t.d. segulkubbum, dúbló, legó og fleiru. Börnin hafa fengið tækifæri til að tjá sig með handbrúðum, búningum og fleira. Hægt var að velja um þrjár tegundir jólagjafa. Börnin voru fljót að ákveða hvað þau vildu og verkefnin voru unnin á ólíkan hátt. Myndir voru teknar af ferlinu og það fylgdi svo gjöfinni.

Börnin hafa mjög gaman af því að fá að skapa og mála. Þau vita alveg hvað þau vilja og hafa byggt upp sjálfstraust, að þau geti sjálf og eru dugleg að biðja um aðstoð til að fá sína hugmynd fram.



4.4.2 Umbótaáætlun 2025-2026

Lækjarhvammur/ börn fædd 2022, 2023 og 2024	
Sköpun	
Tækifæri til umbóta. Að hverju er stefnt?	Að börnin noti margvíslegan efnivið í sköpuninni. Biðja foreldra um að senda börnin með verðlausan efnivið til sköpunar í leikskólann.

Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Bjóðum þeim upp á leir, skæri, ólík blöð, margskonar málningu og verðlausan efnivið.
Ábyrgð	Allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst: Hausti 25 Lokið: Vor 26
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Að börnin geti tjáð sig í gegnum ólíkan efnivið. Skráning í myndum af ferlinu og verk barnanna sýnileg.
Læsi	
Tækifæri til umbóta. Að hverju er stefnt?	Við byrjum á grunninum með Lubba því við verðum með yngstu börnin, öll börnin á deildinni verða ný í leikskólanum. Börnin læri fyrsta málhljóðið í nafninu sínu. Börnin læri lög og vísur. Bókabarn - bók að heiman. Börnin velji bók heima sem þau koma með og við lesum/skoðum saman í skólanum. Eflir tengslin milli skóla og heimilis.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Hafa Lubba-stundir einu sinni í viku þar sem við tökum eitt málhljóð fyrir í einu. Rifja það hljóð upp í samverustundum vikunnar. Lesa bækur, skipta í hópa eftir getu og skilningi. Hafa söngstundir á hverjum degi. Hvetjum börnin til að nota orðin sín.
Ábyrgð	Allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst: Hausti 25 Lokið: Vor 26
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Að börnin þekki fyrsta málhljóð í nafninu sínu. Spurningar til barnanna um málhljóðið þeirra.



5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2024-2025

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Starfsmaður í 30% starfi ásamt kennurum á deildum hafa séð um kennslu tvítyngdra barna þar sem þeim er getuskipt í litla hópa. Einnig hefur talmeinafræðingur frá Norðurmiðstöð verið innan handar.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Kennarar eru meðvitaðri um Gefðu 10 og mikilvægi þess. Í vinnustundum/tvítyngishópum eru lesnar einfaldar bækur og rætt um þær, leikið með orð úr grunnorðaforða með því að klappa atkvæði, fara í samstæðuspil og fleira.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Leitast er við að dýpka orðaforða barnanna til dæmis þegar unnið er með sagnaspjöld. Barnið nefnir sögnina og kennari bætir við. Dæmi: Barnið dregur mynd af sögninni borða, segir borða og kennari segir já, hann/hún/þau eru að borða brauð með osti.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Einstaklingsáætlanir hafa verið gerðar ef grunur hefur vaknað um tungumálaerfiðleika. EFI-2 hefur þá verið notað til þess að fá mynd af erfiðleikum barnsins, þótt það próf sé staðlað fyrir íslensk börn, ef barn hefur náð réttum aldri. Þroskastaða barnsins er svo metin með AEPS og einstaklingsáætlun gerð í kjölfarið út frá þeim lista. Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla, TRAS, HLJÓM-2
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Hugað er að öllum þáttum tungumálsins í vinnu deildanna. Til dæmis er unnið með orð sem tengjast tilfinningum, styrkleikum og löngunum í Blæ verkefninu. Í samverustundum er lögð áhersla á tjáningu og frásögn. Stuðst er við myndrænt skipulag



	til þess að auka skilning og efla tvítyngd börn og börn með frávik í málþroska.
--	---

6 Innra mat – fjöltyngi

Í starfsáætlun 2024-2025 var umbótaþáttur fyrir fjöltyngi að skrá og markvisst nota gefðu 10. Það gekk ekki nægilega vel og vantaði talsvert upp á að starfsfólk notaði skráningar. Við höldum áfram næsta skólaár og skráð verður í dagbækur.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2025-2026

Tækifæri til umbóta	Nota gefðu 10 á markvissari hátt.
Aðgerðir til umbóta	Dagbækur á deildum þar sem skráð í.
Tímaáætlun og hvernig er metið	Haut 2025 – vor 2026
Ábyrgðaraðili	Deildarstjórar og allt starfsfólk.
Viðmið um árangur	Að markvisst sé verið að skrá.

7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl

Niðurstöður úr snerpusamtölum.

Líðan

Almennt finnst kennurum gaman og gott að vinna í Álfaborg og tilheyra hópnum. Góð líðan heilt yfir. Það eykur ánægju og vellíðan að vinna við það sem þeir kunna og eru góðir í.

Starfsandi og samskipti

Starfsandinn og samskipti eru uppbyggjandi og góð. Kennarar af erlendu bergi segja að þeir fái góða hjálp með íslenskuna frá samstarfsfólki. Ef upp kemur „pírringur“ leysist málið fljótt af því að allir geta talað saman. Almennt eru samskipti í húsinu góð og hreinskiptin. Mætti vera meiri samvinna milli kjarna. Til dæmis leikjatímar í hvíld fyrir þau sem ekki sofa og í útiveru. Nokkrir sögðu að þeir væri ekki hér ef ekki væri góður starfsandi. Gott að vera þar sem eru yfirveguð, góð samskipti og samvinna.

Samskipti við stjórnendur og aðgengi að þeim

Gott er að leita til stjórnenda og eru samskipti góð. Stjórnendur hjálpa og reyna að finna út úr hlutunum. Mjög góð samskipti við stjórnendur og alltaf gaman að spjalla. Gott að fá sérkennslustjórnann sem er faglegur og leiðbeinir vel. Anna og Harpa frábærar. Flott aðgengi að stjórnendum, alltaf hægt að koma við. Stjórnendur eru opnir fyrir tillögum, gott upplýsingaflæði frá þeim og vellíðan starfsfólks er vel sinnt. Stjórnendur eru duglegir að gefa endurgjöf og taka spjallið. Gott að koma og tala við stjórnendur jafnvel þó málið sé erfitt og tengt fjölskyldunni.

Markmið fyrir 2025-2026

Kennarar af erlendu bergi vilja verða betri og ófeimnari að tala íslensku. Almennt vilja kennarar tala jákvætt um vinnustaðinn sinn og hrósa. Vera opnari um hugmyndir og líðan og bæta sig í foreldra samskiptum við foreldra af erlendum uppruna. Nokkrir kennarar ætla að hefja nám með vinnu, aðrir að fara á námskeið og sinna endurmenntun á þann hátt.

Hæfileikar og styrkleikar

Kennarar leikskólans búa yfir mörgum hæfileikum og styrkleikum sem nýtast í starfi. Eins og; yfirvegun, eru lausnamiðuð, áreiðanleg, hafa góða tímastjórnun, klára verkefni, hafa húmor og búa yfir seiglu. Eru góðir í að vinna með fólki, hugmyndaríkir, óhræddir við að prófa eitthvað nýtt og eru góðir hlustendur. Eins eru kennarar sveigjanlegir, hugmyndaríkir og góðir í að finna fjölbreytt verkefni. Hugrekki, skipulagning, þolinmæði, skapandi hugsun og umburðarlyndi eru styrkleikar sem einnig voru taldir upp.

Tækifæri til vaxtar og þróunar

Þegar spurt var um tækifæri til vaxtar og þróunar var m.a. Vorráðstefna greiningarstöðvar, meistaranámi í sérkennslu, Lubba námskeið, ADHD námskeið nefnt, ásamt útinámi, stærðfræði og vísindum. Einn kennari fer á íslensku 4 hjá Multikultura og fagnámskeið hjá Mími. Einnig vilja nokkrir kennarar taka meiri ábyrgð og vera í samtali við fleira fagfólk og ræða starfið. Verða betri í tölvuvinnu, læra á forrit sem gera vinnuna auðveldari. Tveir kennarar hefja meistaranám til kennsluréttinda í haust.

Breyting var á starfsþróunarsamtölum frá síðasta ári í staðinn fyrir eitt að vori, voru tekin fjögur yfir árið þar sem m. a. starfsþróun og óskir starfsmanna þar af lútandi voru rædd. Niðurstöður benda til að starfsmönnum finnst að Torgið auðveldi þeim að sækja fræðslu. Óskir starfsmanna um starfsþróun eru fjölbreyttar eins og að læra meira um fjöltyngi, yngstu börn í leikskólanum, skapandi starf, félagsfærni, Tákn með tali, ADHD, tækni og vísindi og málörvun.

Einnig komu starfsmenn inn á mikilvægi þess að hafa góða leiðbeinendur sem hjálpa starfsmanni að vaxa í starfi gegnum faglegar umræður og ígrunda með öðrum.

7.1 Námskeið og fyrirlestrar veturinn 2024-2025

Flest allt starfsfólk fór á námskeið, fyrirlestra eða ráðstefnur utan leikskólans á þessu skólaári.

Námskeið/fyrirlestrar	Haldið af	Þátttakendur
AEPS, færnimiðað matskerfi	Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins	Leikskólasérkennari
Betri borg fyrir börn og farsældarlögin	Sérkennslustjóri	Allir – kynning á starfsdegi
Bright start international conference in London 2024	Bright Start Foundation	Sérkennslustjóri og deildarstjórar
Ég get ákveðið hvað ég bý til – ég hugsa það mjög vel með huganum.	Anna Gréta Guðmundsdóttir	Allir – fyrirlestur á starfsdegi
Farsældarvikan	Reykjavíkurborg	Sérkennslustjóri
Fjölbreyttar tjáskiptaleiðir	Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins	Sérkennslustjóri
Fyrirlestur um ADHD í leikskólastarfi	Jóna Kristín Gunnarsdóttir	Aðstoðarleikskólakennari, sérkennslustjóri, þroskajálfi og háskólamenntaður starfsmaður
Fæðuvandi og íhlutun hjá börnum með einhverfu	Sigrún Kristjánsdóttir	Sérkennslustjóri og leikskólasérkennari
Fötluð börn og fjölbreytilegur menningar- og tungumálabakgrunnur	Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins	Sérkennslustjóri og leikskólakennari
Hvernig stuðlum við að inngildandi samfélagi fyrir börn og fjölskyldur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	Mennta- og barnamálaráðuneytið	Sérkennslustjóri
Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga – Fyrir þau sem starfa með 2-6 ára börnum.	BOFS – Barna- og fjölskyldustofa	Allir
Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði	Vinnuvernd	Aðstoðarleikskólastjóri



Námskeið um starfsánægju	Saga Storyhouse	Allir
Psychological First Aid for children: A Training for Teachers	PFA for Children hjá Rauða krossinum	Sérkennslustjóri og leikskólakennari
Skyndihjálparnámskeið	Torgið	Allir
Sorg og sorgarviðbrögð barna	Sorgarmiðstöð	Sérkennslustjóri
Sorg og sorgarviðbrögð barna og unglinga	Endurmenntun	Leikskólasérkennari
Tákn með tali	Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins	Leikskólasérkennari
Trúnaðarmannafræðsla	KÍ	Leikskólasérkennari (trúnaðarmaður)
Viltu koma að leika - leikmenning leikskóla	RannUng	Leikskólasérkennari
Widgit Online	Torgið	Þroskaþjálfari

Starfsmenn tóku einnig fjölbreytt námskeið og fyrirlestra á Torginu.

Símenntunnar áætlun fyrir skólaárið 2025-2026 byggt á óskum starfsfólks í starfsþróunarsamtölum:

- Ráðstefna greiningarstöðvar.
- Meistaránám - „Sérkennslunám, skóli án aðgreiningar“.
- Lubba námskeið og dýpka þekkingu.
- ADHD í leikskólastarfi.
- Útinám, stærðfræði og vísindi.
- Íslenska 4 hjá Multikultura fyrir starfsfólk af erlendum uppruna.
- Fagnámskeið 1 hjá Mími.
- Faghópur kennara innan skólans.
- Námskeið - „Samskipti við börn“.
- Námskeið í tölvuforritum sem notuð eru í leikskólanum.
- Meistaránám – „Kennsla yngri barna“.
- Hæfnirættar í íslensku fyrir fjölbreytt börn í leikskóla.

8 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.

Samvinna við Álftamýrarskóla hefur eflst ár frá ári og er orðin fastur liður í starfi skólans. Endurmat fór fram í vor. Við gerð starfsáætlunar vetrarins milli skólastiga var notast við áætlun síðasta árs. Aðstoðarskólastjóri Álftamýrarskóla og deildarstjórar elstu deilda

funduðu í ágúst. Heimsóknirnar byrjuðu í október. Þá fengu börnin að skoða allan skólann í fylgd aðstoðarskólastjóra og taka þátt í íþróttatíma með 1. bekk. Á degi íslenskrar tungu komu nemendur úr 5. bekk í leikskólann og lásu fyrir börnin. Þetta er árleg hefð og hefur reynst vel. Á aðventunni var leikskólabörnunum boðið á aðventuhátíð í Álftamýrarskóla þar sem þau fengu grillaðar pylsur, heitt kakó og smákökur. Nemendur 1. bekkjar komu svo í leikskólann og skiptust börnin á jólakortum, sungu saman og síðan var boðið upp á mandarínur. Í janúar var foreldrum elstu barna boðið á fund í Álftamýrarskóla með fulltrúum frá Víkingi, Álftabæ og Álftamýrarskóla. Foreldrar fengu upplýsingar og höfðu tækifæri til að spyrja spurninga, varðandi frístund, skólann og hvað Víkingur hefur að bjóða sex ára börnum. Börnin fóru einnig í janúar og mars í val með 1. bekk. Í apríl fóru þau í hádegismat í Álftamýrarskóla. Í maí komu kennarar saman og endurmátu samstarfið með kennurum frá Múlaborg. Dagskrá næsta skólaárs verður unnin í haust en verður með svipuðu sniði og verið hefur. Elstu börnin fóru í Víking á miðvikudögum í vetur þar sem þjálfarar frá þeim skipulögðu hreyfistundir, alveg frábær samvinna. Þess má einnig geta að Víkingur lánar okkur hátíðarsalinn á ári hverju þegar útskrift er hjá elstu börnum okkar.

9 Foreldrasamvinna

Foreldraráð

Tveir fulltrúar eru í foreldraráði, annar var einnig á síðasta skólaári hinn var valinn í haust. Foreldraráðið fær starfsáætlun og skólanámskrá til umsagnar. Ráðið kemur líka að ákvarðanatöku um sumarlokun og að fagstarfi leikskólans. Þeir foreldrar sem sátu í foreldraráði á síðasta ári gáfu nýju skólanámskránni okkar umsögn.

Foreldrafélag

Átta foreldrar sitja í stjórn foreldrafélagsins ásamt fulltrúa starfsfólks. Stjórnin sér um ýmsar upptakur, svo sem sumarhátíð, jólaball, leiksýningar og fleira. Stjórnarfundir eru fimm til sex á ári.

Foreldrafundur var í október inni á deildum. Leik- og aðstoðarleikskólastjóri fóru á milli deilda og kynntu áherslur leikskólans. Síðan kynnti starfsfólk deilda vetrarstarfið og foreldrum var gefinn kostur á að ræða um leikskólastarfið eða annað sem þeim lá á hjarta.

Á hverju ári eru í boði tvö foreldrasamtöl, annars vegar í október, sem er valfrjálst og hins vegar í febrúar/mars. Í samtölunum er farið yfir alhliða þroska og líðan barnsins, ásamt því að skiptast á upplýsingum um barnið. Foreldrar nýrra barna eru boðaðir í samtal áður en vistun hefst í maí/júní. Boðið er upp á fleiri samtöl ef foreldrar óska þess.

10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Næstkomandi skólaár eru fjórir skipulagsdagar að höfðu samráði við Álftamýrarskóla. Dagarnir eru 28. nóvember, 19. janúar 2026, 18. mars 2026 og 15. maí 2026. Námsferð er



fyrirhuguð innanlands og eru því tveir dagar ekki komnir inn á skóladagatalið en koma í ágúst 2025.



11 Fylgiskjöl.

11.1 Skóladagatal

11.2 Starfsmannakönnun

11.3 Foreldrakönnun.

F. h. leikskólans Anna H. Ágústsdóttir

Leikskólastjóri

Dagsetning



Starfsáætlun 2024 – 2025

Álftaborg, umsögn foreldraráðs.

Foreldraráð er mjög ánægt með hið metnaðarfulla starf, sem er unnið í leikskólanum Álftaborg. Leikskólinn hefur yfir að ráða mjög góðu, samviskusömu og hæfu starfsfólki sem vinnur verk sín vel og sýnir það sig í vellíðan barnanna í leikskólanum. Auk þess er áberandi hve samheldinn starfsmannahópurinn er sem skilar sér í jákvæði andrúmslofti fyrir börn og foreldra. Við erum ánægðar með hve mikil áhersla sé lögð á starfsánægju og endurmenntun starfsfólks, og hátt menntunarhlutfall starfsfólks. Það er mjög jákvætt að nýr sérkennslustjóri hafi tekið við störfum.

Starfsáætlun Álftaborgar 2024-2025 er metnaðarfull og nær yfir fjölbreytta og marga þætti.

Við erum ánægð með mikla áherslu á læsi og hvernig unnið er með læsi á margvíslegan hátt. Þróunarverkefni um Lubba hefur gefist vel og er vonandi komið til að vera. Börnin fá að taka bók með heim og lesa með foreldrum. Okkur finnst það góð leið til að tengja heimili og skóla og hvetja til lesturs heima.

Dyggðirnar sem unnið var markvisst með þennan veturinn eru vinsemd, samkennd, ábyrgð og virðing. Þessi vinna hefur góð áhrif á samskipti barnanna, fléttast inn í allt starfið og myndar mikilvægan grunn í félagsfærni.

Mikið er unnið með fjölmenningu og fjölbreyttan bakgrunn þeirra barna sem eru í leikskólanum. Hver deild vinnur með þau þjóðerni sem eru á þeirra deild. Þessi vinna skapar umræður í barnahópnum og hvetur til víðsýni.

Í vetur hefur verið sérstakt verkefni tengt menntastefnu Reykjavíkurborgar um heilbrigði. Börnin fara í hreyfistundir, jóga og læra um matarræði og tannheilsu. Eldri árgangar fara reglulega í íþróttahúsið í Safamýri og á bókasafnið í Kringlunni. Þannig samtvinnast hreyfing og tengsl við nærumhverfi.

Foreldraráð er ánægt með að hvert barn hafi sína ferilmöppu, með skráningum og verkefnum sem fylgir því í gegnum leikskólagönguna.

Myndir og myndbönd úr starfinu skapa góðan vettvang fyrir samtöl milli foreldra og barna um daginn og líðan, sem eflir bæði málþroska og tengingu milli skóla og heimilis. Við hvetjum til reglulegra myndasendinga úr daglegu starfi.

Okkur líst vel á að leikskólinn sé að halda áfram í þróunarverkefni um farsæld barna. Það eflir enn frekar samskipti milli heimila og skóla.

Með þökkum fyrir líðandi starfsár,
Foreldraráð Álftaborgar júní 2025.

Fanný Ragna Gröndal

Heiðar Smith



Foreldraráð leikskólans skipa:

Fanný Ragna Gröndal

Heiðar Smith

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.



- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



